


Breiðdalshreppur  
Selnesi 25  
760 Breiðdalsvík

Reykjavík 16. mars 2018  
UST201802-304/B.S.  
10.04.03


**Efni: Deiliskipulag - aðveitustöð við Breiðdalsvík. Umsögn**

Vísað er til bréfs Breiðdalshrepps dags. 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu, en þetta er forkynning hennar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en því að leitast verði við að haga skipulagsgerðinni þannig að sjónræn áhrif aðveitustöðvarinnar verði sem minnst í ljósi þess að háspennulínur að stöðinni verða lagðar í jörðu sem dregur umtalsvert úr sjónrænum áhrifum mannvirkisins.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri